

## Nautgripasæðingar 2020

Sveinbjörn Eyjólfsson  
NBI ehf, Hesti

Hér kemur skýrsla þar sem fjallað er um sæðingastarfsemina á árinu 2020 og nokkrar lykiltölur bornar saman við fyrri ár. Þá er reynt að skoða hlutfallslega notkun sæðinga í hverjum landshluta.

Við reynum að nota alla þá möguleika sem huppa.is og önnur kerfi bjóða upp á til að komast sem næst raunveruleikanum en aldrei er hægt að fullyrða að allt sé alveg rétt. Í þessari skýrslu reynum við að komast enn nær ýmsum þáttum svo sem hlutfallslegri þátttöku í starfinu, fanghlutfalli og fjölda fyrstu sæðinga. Ný nálgun gerir það einnig að verkum að nokkrar tölur frá fyrri árum hafa verið endurskoðaðar. Glöggir lesendur munu greina það um leið og lesið er. Enn skal minnt á að við vinnum með fjölda gripa ársins á undan. Bæði fjöldi kúa og kvígna er miðaður við hausttalningu ársins á undan og gefur þá kannski bestu upplýsingar um þann fjölda sem mögulegt væri að sæða á hverjum tíma,

Við skulum halda áfram að skoða þróun í fjölda sæðinga á síðustu árum. Kúm virðist hafa fækkað á árinu 2019 en kvígum fjölgað nokkuð (unnið með fjöldatölur ársins á undan). Kýr/kvígur voru 26.477/6.031 árið 2018 en 26.214/6.506 í lok árs 2019.


Vegna þessarar fjölgunar hefði mátt búast við fleiri fyrstu sæðingum á árinu 2020 en árinu á undan en það er nú aldeilis ekki. Þeim fækkar um tæpar 1.500. Það er ekki góð þróun. Sama gildir um heildarfjölda sæðinga sem fækkar um rúmar 2.000. Í raun má segja að þessi breyting sé ákveðið bakslag fyrir sæðingastarfsemina.

Ár	1. sæðing	Hlutfallsleg breyting frá 2012	allar sæðingar	Hlutfallsleg breyting frá 2012
2012	25.458		43.590	
2013	25.950	2%	45.431	4%
2014	27.660	8%	50.248	15%
2015	28.993	13%	52.862	21%
2016	28.062	10%	49.848	14%
2017	29.376	15%	49.055	12%
2018	27.028	6%	46.660	7%
2019	27.017	6%	48.176	10%
2020	25.631	1%	46.027	5%

Á árinu 2020 voru sæddar 25.631 (27.017) kýr/kvígur 1. sæðingu eða 78,3 af hundraði (83,1) af heildarfjölda kúa og kvígna samkvæmt talningu árið á undan. 78,3 af hundraði er lág tala og það ætti að vera okkur keppikefli að gera betur. Hins vegar getur það haft skekkjuáhrif að tölur um búfjárfjölda eru frá árinu á undan og því geta breytingar haft áhrif í báðar áttir. En það breytir ekki því að þessi mikla fækkun fyrstu sæðinga milli ára er ekki sú leið sem við ættum að feta.

Mynd 1 sýnir metinn árangur sæðinga árána 2008 til 2020, sem þýðir að kýrin kom ekki til endursæðingar innan 56 daga frá sæðingu. Þessi samanburður sýnir að metið

fanghlutfall hefur lækkað um 1 af hundraði á milli ára. Það er ekki það sem maður vill sjá. Það er ýmislegt sem kemur til og við höfum möguleika á að bæta okkur og að því verðum við að stefna. Eins og fram kemur síðar eru ákveðin svæði að fara neðar en við viljum sjá, sumarið gefur ekki þá viðbót sem þekkt var áður. Reyndu nautin skora ekki og sama má segja um óreyndu nautin. Þau liggja of lágt af einhverjum ástæðum.



Tafla 1 sýnir árangur sæðinga eftir svæðum sl. þrjú ár. Fjöldi sæðinga sem kemur til mats er fallandi og árangurinn líka. Nú fellur metið fanghlutfall um 1af hundraði á milli ára. Árnessýsla er áfram lág í mati og nú falla bæði Snæfellsnes og S-Þing um fáein stig. Nokkur svæði bæta sig frá fyrra ári og er þar rétt að geta A-Skaft, sem aftur nær yfir 70 af hundraði í metnu fanghlutfalli.

Samanburður milli áranna 2018,2019 og 2020						
Búnaðar-samband	2018		2019		2020	
	1.sæðing	Árangur	1.sæðing	Árangur	1.sæðing	Árangur
Kjalnesinga	295	75%	291	61%	305	64%
Borgarfjarðar	2.006	68%	1.771	64%	1.724	65%
Snæfellinga	726	69%	631	68%	660	63%
Dalamanna	361	73%	298	66%	225	69%
Vestfjarða	524	77%	439	77%	439	75%
Strandamanna	77	77%	92	79%	68	78%
V-Hún.	518	67%	507	68%	500	70%
A-Hún.	811	75%	834	74%	787	76%
Skagafjarðar	2.260	69%	2.277	67%	2.475	64%
Eyjafjarðar	4.440	69%	4.503	69%	4.446	67%
S-Þing.	1.328	66%	1.257	65%	1.222	58%
Austurlands	900	63%	867	62%	833	62%
A-Skaft.	425	76%	429	68%	390	73%
V-skaft	511	72%	537	70%	526	69%
Rangárvalls	3.600	68%	3.650	67%	3.216	66%
Árnessýsla	5.308	66%	5.318	60%	5.081	61%
<b>Landið</b>	<b>24.157</b>	<b>68%</b>	<b>23.701</b>	<b>66%</b>	<b>22.897</b>	<b>65%</b>

Alltaf er fróðlegt að skoða hlutfallslega notkun sæðinga. Næstu þrjú yfirlit sýna hlutfallslega notkun og miðað er við fjölda kúa og kvígna í hausttalningu árið á undan. Auðvitað er erfitt að nýta eldri tölur í svona samanburði því fækkun eða fjölgun milli ára skilar sér seint. Þessar tölur hafa verið endurskoðaðar fyrir árin 2018 og 2019 og þær lækkað. Það gerðist þegar fjöldi sæðinga var endurreiknaður og er þessi tafla nær raunveruleikanum hvað varðar fjölda fyrstu sæðinga.

Annað sem vert er að hafa í huga og breytir þessari töflu nokkuð að frá árinu 2019 eru holdakýr ekki með. Það sést gleggst á hlutfallslegri notkun í Kjalarnesþingi.


Eins og áður höfum við verulega möguleika á að hækka þetta hlutfall. Það væri mjög gott fyrir ræktun kúastofnsins og í raun mjög mikils virði ef það tækist að stækka virka erfðahópin.

2018					
Búnaðar-samband	Fjöldi Kúa	Fjöldi Kvígna	Samtals	2018 1.sæðing	Hlutfall sætt
Kjalnesinga	523	120	643	315	48,99%
Borg/Snæ	3.242	744	3.785	3.132	82,75%
Dalamanna	444	74	518	434	83,78%
Vestfjarða	714	193	907	579	63,84%
Strandamanna	83	14	97	45	46,39%
V-Hún.	687	196	883	560	63,42%
A-Hún.	995	264	1.259	981	77,92%
Skagafjarðar	2.969	727	3.696	2.550	68,99%
Eyjafjarðar	4.921	1.141	6.062	4.965	81,90%
S-Þing.	1.657	333	1.990	1.481	74,42%
Austurlands	1.032	222	1.254	1.025	81,74%
A-Skaft.	529	90	619	451	72,86%
Suðurlands	11.211	2.553	13.764	10.508	76,34%
<b>Landið</b>	<b>29.007</b>	<b>6.671</b>	<b>35.477</b>	<b>28.548</b>	<b>80,47%</b>


2019					
Búnaðar-samband	Fjöldi Kúa	Fjöldi Kvígna	Samtals	2019 1.sæðing	Hlutfall sætt
Kjalnesinga	311	70	381	308	80,84%
Borg/Snæ	3.028	595	3623	3.013	83,16%
Dalamanna	447	49	496	385	77,62%
Vestfjarða	618	142	760	483	63,55%
Strandamanna	83	14	97	94	96,91%
V-Hún.	559	164	723	549	75,93%
A-Hún.	923	248	1171	983	83,95%
Skagafjarðar	2696	689	3385	2.693	79,56%
Eyjafjarðar	4818	1045	5863	4.878	83,20%
S-Þing.	1463	343	1806	1.448	80,18%
Austurlands	984	182	1166	1.017	87,22%
A-Skaft.	469	93	562	468	83,27%
Suðurlands	10.078	2.397	12475	10.698	85,76%
<b>Landið</b>	<b>26.477</b>	<b>6.031</b>	<b>32.508</b>	<b>27.017</b>	<b>83,11%</b>

2020					
Búnaðar- samband	Fjöldi Kúa	Fjöldi Kvígna	Samtals	2020 1.sæðing	Hlutfall sætt
Kjalnesinga	311	110	421	324	76,96%
Borg/Snæ	2.969	714	3683	2.962	80,42%
Dalamanna	427	128	555	299	53,87%
Vestfjarða	591	137	728	484	66,48%
Strandamanna	83	14	97	79	81,44%
V-Hún.	556	150	706	532	75,35%
A-Hún.	941	230	1171	883	75,41%
Skagafjarðar	2688	833	3521	2.845	80,80%
Eyjafjarðar	4839	1097	5936	4.731	79,70%
S-Þing.	1418	340	1758	1.342	76,34%
Austurlands	990	206	1196	934	78,09%
A-Skaft.	427	111	538	477	88,66%
Suðurlands	9.974	2.436	12410	9.739	78,48%
<b>Landið</b>	<b>26.214</b>	<b>6.506</b>	<b>32.720</b>	<b>25.631</b>	<b>78,33%</b>


Á mynd 2 má sjá fjölda 1. sæðinga eftir mánuðum síðastliðin þrjú ár. Flestar sæðingar eru nú í mars og næst flestar í janúar. Þessir tveir mánuðir hafa verið með flestar sæðingar undanfarið. Þá eru mun fleiri sæðingar á fyrrihluta ársins. Hugsanlega skýrir það að einhverju leyti lægra metið fanghlutfall því „náttúrulegur“ fengitími er seinna á árinu. Þetta yrði þó að skoða betur áður en mikil ályktun er dregin.




Mynd 3 sýnir hlutfallslegan fjölda sæðinga eftir mánuðum. Ekki koma fram miklar breytingar milli ára. En myndir sýnir enn betur en fjöldatölur hversu stórt hlutfall sæðinga fer framá fyrstu mánuðum ársins.




Á mynd 4 má sjá metið fanghlutfall í hverjum mánuði. Hæst er metið fanghlutfall í mars og október eða 67 af hundraði. Lægst fer það í september eða 62 af hundraði og í janúar og nóvember eða 63 af hundraði. Þetta lága metna fanghlutfall í september vekur athygli því alla jafna ættu kýr að halda vel á því gangmáli. Og sá toppur sem kom í metna fanghlutfallið yfir sumartímenn sést ekki í ár.



Á mynd 5 má sjá að alls voru 29 óreynd naut notuð í 150 eða fleiri fyrstu sæðingum árið 2020. Það eru sjö færri naut en árið 2019. Meðalfanghlutfall þeirra er 67 af hundraði sem er tveimur af hundraði lægra en í fyrra. Sex naut hafa metið fanghlutfall lægra en 65 af hundraði, sem er vondur árangur. Smá samanburð má sjá frá fyrra ári því þrjú naut eru á báðum listum. Mjöldur 18009 var með metið fanghlutfall árið 2019 upp á 71 af hundraði en einungis 67 af hundraði árið 2020. Grettir 18011 var með metið fanghlutfall árið 2019 upp á 66 af hundraði en einungis 63 af hundraði árið 2020. Að lokum er Heikur 18014 með metið fanghlutfall árið 2019 upp á 65 af hundraði en árið 2020 hækkar það verulega og er metið sem 74 af hundraði. Inn í þessum tölum er einnig metinn árangur af langlífu sæði (Spermvital).




Á árinu 2020 fengum við ekki heimsókn frá spermvital í Noregi. En við áttum frá árinu 2019 langlíft sæði úr nautum til og með Hvelli 18038. Athyglisvert er að skoða hvernig metinn árangur af því sæði er í samanburði við annað sæði úr sömu nautum.



Á árinu 2019 var árangur af SV sæði metinn 66 af hundraði (33 naut) meðan metinn árangur óreyndara nauta almennt var 69 af hundraði. Á árinu 2020 vorum við með SV sæði úr 26 nautum og er metinn árangur af því sæði einungis 60 af hundraði!! Það eru auðvitað mikil vonbrigði og skýra að hluta fall á metnu fanghlutfalli óreyndra nauta árinu 2020. Rétt er þó að vekja athygli á að við notum aðrar aðferðir við að meta fanghlutfall SV sæðis en almennt en niðurstaðan á að vera sambærileg.

Á mynd 7 má sjá að á árinu 2020 voru notuð 25 reynd naut (18 árið áður), í 150 1. sæðingum eða fleiri. Árangur þeirra sést á mynd hér fyrir neðan en hann er að meðaltali 63 af hundraði, sem er sami árangur og árið áður. Tvö naut fá mat undir 60 af hundraði, sem er auðvitað vont.



Við á stöðinni viljum gjarnan sjá betri árangur en útkoma ársins segir til um. En þrátt fyrir það getur árangurinn átt sér eðlilegar skýringar. Hann er misjafn milli landshluta. Hann er misjafn milli bóa. Hann er misjafn milli frjótækna og hann er mjög misjafn milli nauta. En umfram allt verðum við að hafa trú á sæðingum og halda áfram að taka þátt í þeim til að viðhalda áframhaldandi kynbótum í kúastofninum.

Rétt er að ítreka að allar tölur hér eru metnar og raunveruleikinn stundum annar.

Það er hlutverk okkar hér á stöðinni að að framleiða og láta frá okkur gott og heilbrigt sæði. Við vinnum hörðum höndum við að bæta öll vinnubrögð hér og náum þannig nær því markmiði. Við söknum þess að hafa ekki dýralækni hjá okkur lengur í föstu starfi en við reynum okkar besta.

Nú á fyrstu mánuðum ársins 2021 kemur í ljós að sæði úr fáum reyndum nautum stendur ekki undir því mati sem það fékk eftir frystingu. Þetta er í fyrsta skipti sem slíkt kemur upp. Það eru virkileg vonbrigði og kallar á endurmat á öllu sæði sem frá okkur fer. Með þeim hætti verður hægt að taka frá þá sæðisdaga sem ekki standast gæðamat. Enn sem komið er höfum við enga skýringu á þessu en þetta verður skoðað sérstaklega. Jafnvel þó við verðum að taka frá hluta af sæði úr einhverjum nautum ætti það ekki að koma að sök því yfirleitt eigum við yfirdrifið sæði úr hverju nauti.

Þriðja árið í röð ætla ég að nefna þann frjótækni sem hefur bestan metinn árangur. Úrvalið eru allir frjótæknar sem sæddu fleiri en 200 fyrstu sæðingar á síðasta ári. Samkvæmt huppa.is standa tveir frjótæknar efstir og jafnir. Það eru þeir Hörður M. Grímsson á Tindum, 330 sæðingar og Gísli Geirsson á Mosfelli 783 sæðingar. Þeir hafa báðir metinn árangur upp á 76 af hundraði á síðasta ári. Það er auðvitað frábær árangur.

Þá má í framhjálaupi geta þess að sá sem sæddi flestar fyrstu sæðingar á síðasta ári er Andri Már Sigurðsson í Eyjafirði en þær voru 2.325 talsins og þar af komu 2.180 til uppgjörs. Þá sýnist mér að heildarfjöldi sæðinga hans á síðasta ári hafi verið 3.960.